



Lagt fyrir 386. fund velferðarráðs 18. nóvember 2020

VEL2020090041

RÁ/at/kg/íps

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um reglur um böðun í skammtí mavistun*

Þann 16. september 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um reglur varðandi böðun:

Nýlega var starfsmaður Reykjavíkurborgar dæmdur fyrir brjóta kynferðislega á konu í skammtí mavistun á vegum Reykjavíkurborgar. Í dóminum segir að maðurinn hafi misnotað aðstöðu sína. Í framhaldi hófst umræða um hvaða reglur gilda almennt um baðaðstæður og hverjir aðstoði þá sem þess þurfa við böðun. Fram kom að reglur hafi verið yfirfarnar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um hvernig þessum reglum sé háttað og hvort það sé í reglum nú að aðeins fólk af sama kyni aðstoði við böðun nema fyrir liggi samþykki um annað?

Svar:

Verklag í skammtí mavölum er eftirfarandi:

- Unnið er eftir þeirri meginreglu við bað- og sturtuferðir að þeir dvalargestir sem þurfa aðstoð við böðun fái hana veitta af starfsmönnum af sama kyni. Ef um einstaklinga undir 18 ára aldri er að ræða gildir sama regla eftir samráð við foreldra.
- Sama meginregla á við um aðstoð við klósettferðir.
- Upp geta komið tilvik þar sem ekki er unnt að fylgja þessari meginreglu.
- Ef upp koma aðstæður þar sem konur þurfa að aðstoða karlmenn við sturtuferðir eða öfugt, gildir sú regla að biðja þarf samstarfsmann um að kíkja inn með reglulegu millibili. Þetta eykur öryggi starfsmanna sem og dvalargesta.
- Þegar um þjónustu einstaklinga með flókna stuðningsþarfir er að ræða, aðstoða tveir starfsmenn viðkomandi alla jafna

Verklag varðandi skipulag á virkum dögum og um helgar:

- Meginregla er að starfsmaður á aldrei að vera einn í húsi með tvo einstaklinga með miklar þjónustuþarfir.
- Starfsmaður á aldrei að aðstoða við baðferðir þegar hann er einn í húsi. Ef það koma upp neyðartilvik þá er það skráð í skilaboðaskjóðu starfsmanna.
- Hugað er vel að samsetningu einstaklinga sem eru heimavið eða fara saman í tómstundir. Öryggi þeirra þarf að vera tryggt alls staðar.
- Tómstundir gesta eru skipulagðar út frá þessu verklagi, ef á þarf að halda eru tómstundir færðar til, til að tryggja öryggi dvalargesta og starfsmanna.

Á sambýlum og í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk gildir sama verklag og að ofan greinir í þeim tilvikum þar sem íbúar þurfa sérstaka aðstoð við persónulegt hreinlæti. Virðing fyrir óskum íbúa er höfð að leiðarljósi og einnig er tekið mið af óskum forráðamanna íbúa, í tilvikum þeirra íbúa sem nota óhefðbundið tjáningarform. Verklag þetta er í endurskoðun og hefur verið óskað eftir aðkomu Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar við þá vinnu.

Þess ber að geta að sú háttsemi, sem viðhöfð var af starfsmanni þeim er vísað er til í fyrirspurninni og sakfelld var fyrir í dómi, var ekki í samræmi við verklag.